

ROF-2017-05 Rannsóknastöðin Rif, uppbygging aðstöðu

Markmið verkefnisins er að byggja upp rannsóknastöðu til grunnúrvinnslu sýna og gagna sem nýtast mun fyrir þá vísindamenn sem leggja stund á rannsóknir á Melrakkaslétu á vegum Rannsóknastöðvarinnar Rifs. Afraksturinn styrkir starfsemi Rifs og eykur fjölbreytni og gæði þeirra rannsókn- og vöktunarverkefna er stunda má á rannsóknasvæði stöðvarinnar. Ætlunin er að byggja aðstöðuna upp í Grunnskóla Raufarhafnar í samráði við skólastjórnendur og fræðslunefnd Norðurbings. Aðstaðan mun því einnig nýtast kennurum og nemendum innan og utan skólans við kennslu í umhverfisfræði, náttúruvísindum og raungreinum. Þá mun verkefnið greiða fyrir auknu samstarfi stöðvarinnar og Þekkingarnets Þingeyinga sem hefur aðstöðu í sama húsi. Verkefnið þykir spennandi ásamt því að hafa mikið gildi fyrir framtíðaruppbyggingu samfélagsins á Raufarhöfn.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.000.000.- árið 2017.